



Lokaskýrsla vegna styrks úr Þróunarsjóði leik- og grunnskóla -leiðbeiningar-

Heiti verkefnis: Út fyrir bókina

Tímabil : júní 2020 - júní 2021

Umsjónarmaður: Snjólaug Elín Árnadóttir

Ábyrgðarmaður: Unnur Líf Ingadóttir Imsland

Skóli: Grunnskóli Vestmannaeyja starfsstöð Hamarsskóli

Markmið með verkefninu:

Markmiðið með verkefninu *Út fyrir bókina* er að útbúa fjölbreytt námsefni sem auka og dýpka læsi barna, ótengt námsgreinum. Við teljum að með þessari námsgagnagerð séum við að ná betur til barna ekki síst drengja. Námsefnið okkar er fjölbreytt, litríkt og byggir á viðfangsefnum sem nemendur hafa áhuga á.

Leiðir til að ná markmiði:

Koma i loftið heimasíðunni utfyribokina.is þar sem auðveldara er að nálgast námsefnið. Á meðan munum við nota facebook síðuna *Út fyrir bókina*. Búa til fjölbreytt námsefni sem sett er inn í hverjum mánuði, með því að gera það er síðan alltaf lifandi.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun :

Vegna smá tæknivandamála fór heimasíðan í loftið örlítið seinna en áætlað var sem var þó ekkert sem kom að sök.

Mat á verkefninu (hvernig tókst til).

Með mikilli vinnu náðum við að opna heimasíðuna okkar og útbúa mikið magn af verkefnum fyrir yngsta stig grunnskóla. Við teljum að vel hafi tekist til, mikið af verkefnum hefur litið dagsins ljós. Á síðunni utfyribokina.is geta kennarar nálgast verkefni mikið magn fjölbreyttra verkefna þeim að kostnaðarlausu, en það er eitthvað sem ekki er hliðstæða

fyrir annarsstaðar á Íslandi.

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning á verkefni:

Mikið magn af fjölbreyttum verkefnum fyrir allt yngsta stig. Verkefni sem eru aðgengileg kennurum og foreldrum þeim að kostnaðarlausu. Samkennarar okkar, kennarar víðs vegar að af landinu sem og erlendis hafa lýst yfir mikilli ánægju með verkefnin. Við teljum okkur sjá miklar framfarir í lestri okkar nemenda og finnum vel hvað þau eru ánægð með verkefnin. Við teljum það vísa á gott þegar að 6 ára nemendur okkar koma með hugmyndir að verkefnum sem þau langar til að vinna.

Afrakstur verkefnisins má finna á heimasíðunni www.utfyrirbokina.is

Ráðstöfun styrks:

Heildarupphæð styrks: 1.000.000

| | |
|-----------------|--------------|
| Laun | 375.000 |
| Aðkeypt ráðgjöf | 100.000 |
| Tækjabúnaður | 415.000 |
| Forrit | Canva 50.000 |
| Logo | 60.000 |

Samtals: 1.000.000

Dagsetning: 9. júní 2021

Umsjónarmaður: Snjólaug E. Arnald.

Ábyrgðarmaður: Ummurátt Ingadóttir, Ímsland

Skólastjóri: [Handwritten Signature]